



Hagstofa Íslands

Reglur Hagstofu Íslands um innherjaupplýsingar

Hagstofa Íslands er stjórnvald sem meðhöndlar innherjaupplýsingar reglulega í starfsemi sinni, því teljast starfsmenn stofnunarinnar sem fá vitneskju um innherjaupplýsingar til annarra innherja sbr. 3. tölul. 2. mgr. 121. gr. 1. nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, á meðan þeir búa yfir slíkum upplýsingum. Hagstofa Íslands er stjórnvald sem ekki kemur að útgáfu fjármálagerninga og birtir því ekki lista yfir innherja. Hagstofan skipar regluvörð, sbr. reglur nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja. Regluvörður skal hafa yfirsýn yfir innherjaupplýsingar, halda samskiptaskrá yfir störf sín og sjá um fræðslu fyrir starfsmenn um innherjareglur. Hagstofa Íslands setur starfsmönnum sínum eftirfarandi reglur, sbr. III. kafli 1. nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og IV. kafli 1. nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

1.gr.

Þagnarskylda ríkir um allar upplýsingar sem Hagstofan aflar til hagskýrslugerðar og snerta tilgreinda einstaklinga eða lögaðila. Sama gildir um upplýsingar um einstaklinga og lögaðila í opinberum skráum sem Hagstofan nýtir til hagskýrslugerðar. Trúnaður gildir um allar upplýsingar og hagtölur sem unnar eru úr gögnum um einstaklinga og fyrirtæki þar til þær hafa verið birtar opinberlega og eru öllum aðgengilegar.

2.gr

Starfsfólki Hagstofunnar er skylt að halda trúnað og gæta fyllstu þagmælsku um öll trúnaðargögn og trúnaðarupplýsingar sem það verður áskynja í starfi sínu og leynt skulu fara, sbr. 11. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

3. gr.

Þeir starfsmenn sem vinna að hagskýrslum sem kunna að hafa áhrif á verðmæti skráðra fjármálagerninga skulu ekki stunda víðskipti með slíka gerninga síðustu tíu daga fyrir birtingardag viðkomandi hagtalna. Er þar átt við starfsfólk og stjórnendur sem koma að útreikningi vísitölu neysluverðs og þeirra sem koma að gerð hagskýrslna sem regluvörður skráir í samskiptaskrá.

Þeir starfsmenn sem koma að tæknilegum undirbúningi að útgáfum, uppfærslum á töflum og fréttatilkynningum, svo sem umbroti, yfirllestri eða uppfærslu á vef, skulu teljast til innherja frá því að þeir fá í sína umsjón skjöl eða gögn vegna umræddrar útgáfu. Þeir skulu ekki stunda víðskipti með skráða gerninga frá þeim tíma er þeir fá aðgang að gögnunum þar til þau hafa verið birt opinberlega.

4.gr.

Taki starfsmaður þátt í rekstri lögaðila með eignaraðild eða stjórnarsetu skal það háð samþykki hagstofustjóra og viðkomandi sviðsstjóra. Við ákvörðun um slíka heimild skal tryggt að viðkomandi hafi ekki aðgang að innherjaupplýsingum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem geta varðað hagsmuni fyrirtækisins eða keppinauta þess.

5.gr.


Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er starfsmönnum heimilt að stunda öll almenn einkaviðskipti með eigið húsnæði og önnur fjármál er teljast eðlileg í heimilisrekstri óháð útgáfudegi hagskýrslna.

6. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. september 2013 og skulu kynntar starfsmönnum Hagstofu Íslands og nýjum starfsmönnum sem þar ráða sig til starfa.

Reykjavík 20. júní 2013

Með breytingum 21. janúar 2014



Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri